

LÖG

um auknar ábyrgðir vegna lánaflokks í Norræna fjárfestingarbankanum til umhverfismála í grannhéruðum Norðurlandanna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast hluta Íslands vegna hækkunar útlánaramma Norræna fjárfestingarbankans til umhverfismála í grannhéruðum Norðurlandanna þannig að heildarábyrgð ríkissjóðs vegna lánaflokksins nemi allt að 3,3 milljónum evra.

2. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ganga frá samningi við Norræna fjárfestingarbankann um ábyrgð skv. 1. gr. og staðfesta nauðsynlegar breytingar á samþykktum bankans vegna hækkunarinnar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 18. desember 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Geir H. Haarde.